

Íslenski lífeyrissjóðurinn

Ársreikningur

2024

Íslenski lífeyrissjóðurinn
Reykjastræti 6
101 Reykjavík
kt. 430990-2179

Efnisyfirlit

Skýrsla stjórnar	2 - 6
Áritun óháðs endurskoðanda	7 - 8
Yfirlit um breytingu á hreinni eign	9
Efnahagsreikningur	10
Yfirlit um sjóðstreymi	11
Yfirlit um tryggingafræðilega stöðu	12
Skýringar	13-42
Sérgreind yfirlit deilda	43-45
Óendurskoðað	
Stjórnarháttayfirlýsing Íslenska lífeyrissjóðsins 2024	46-48

Skýrsla stjórnar

Um Íslenska lífeyrissjóðinn

Íslenski lífeyrissjóðurinn var stofnaður í júní 1990. Tilgangur sjóðsins, samkvæmt 2. gr. samþykktu hans er að ávaxta iðgjöld sjóðfélaga og tryggja þeim og erfingjum þeirra lífeyri. Á sjóðfélagafundi 30. júní 1998 var samþykkt að breyta Íslenska lífeyrissjóðnum í alhliða lífeyrissjóð samkvæmt ákvæðum laga nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Fjármálaráðuneytið veitti sjóðnum leyfi til starfrækslu lífeyrissjóðs 20. október 1999.

Starfsemi sjóðsins felst í því að taka við iðgjöldum sjóðfélaga og ávaxta þau í samræmi við lög um lífeyrissjóði, samþykktir og fjárfestingastefnu sjóðsins. Á árinu 2024 voru haldnir 11 formlegir fundir hjá stjórn sjóðsins auk ársfundar sem haldinn var 21. maí. Frá stofnun sjóðsins hefur allri starfsemi sjóðsins verið útvistað til rekstraraðila hans, Landsbankans hf., á grundvelli rekstrarsamnings. Frá og með 1. febrúar 2024 er framkvæmdastjóri sjóðsins starfsmaður sjóðsins og ráðinn beint af stjórn. Fram að því var framkvæmdastjóri starfsmaður rekstraraðila.

Hrein eign til greiðslu lífeyris

Hrein eign til greiðslu lífeyris var 190,9 ma.kr., í lok árs 2024 og hafði hækkað um 31,0 ma.kr. á árinu.

Fjöldi sjóðfélaga, iðgjöld og lífeyrisgreiðslur

Í lok árs 2024 voru sjóðfélagar 52.793, þ.e. þeir sem eiga réttindi í sjóðnum, samanborið við 49.495 í lok árs 2023. Virkir sjóðfélagar í árslok 2024, þ.e. einstaklingar sem að jafnaði greiða iðgjöld til sjóðsins, voru 25.353 samanborið við 23.420 á árinu 2023 sem samsvarar 8,3% fjölgun á milli ára. Fjöldi virkra lífeyrisþega var 1.351 á árinu 2024 samanborið við 1.181 á árinu 2023. Þá námu iðgjöld 20,1 ma.kr. samanborið við 16,2 ma.kr. á árinu 2023 sem er 24,1% hækkun á milli ára. Lífeyrisgreiðslur námu 2,9 ma.kr. á árinu 2024 samanborið við 2,2 ma.kr. árið 2023. Á árinu 2024 greiddu 4.480 sjóðfélagar séreignarsparnað inn á lán en á árinu 2023 voru þeir samtals 4.335. Samtals greiddu þessir sjóðfélagar 3,3 ma.kr. inn á lán samanborið við 3,0 ma.kr. árið áður.

Fjárfestingatekjur og rekstrarkostnaður

Samkvæmt rekstrarsamningi við Landsbankann hf. sem var í gildi fram til 31. janúar 2024 greiddi sjóðurinn umsýsluþóknun til Landsbankans sem nam 0,35% af meðalstöðu hreinnar eignar ef hún var undir 150 ma.kr., 0,325% ef meðalstaða hreinnar eignar var á bilinu 150-200 ma.kr. og 0,30% ef hrein eign var umfram 200 ma.kr. Því til viðbótar reiknaðist árangurstengd þóknun ef ávöxtun eigna sjóðsins færi umfram þær viðmiðunarvísitölur sem fjárfestingastefna sjóðsins tók mið af. Nýr rekstrarsamningur á milli Íslenska lífeyrissjóðsins og Landsbankans hf. var undirritaður þann 24. janúar 2024. Samkvæmt nýjum samningi varð framkvæmdastjóri starfsmaður sjóðsins í stað rekstraraðila. Samningurinn tók gildi 1. febrúar 2024. Samhliða var gerð breyting á umsýsluþóknun sem nam 0,325% af meðalstöðu hreinnar eignar, ef hún var undir 150 ma.kr., 0,303% ef meðalstaða hreinnar eignar var á bilinu 150-200 ma.kr. og 0,28% ef hrein eign var umfram 200 ma.kr. Engin breyting varð á árangursþóknun. Aftur voru gerðar breytingar á þóknanaviðauka í rekstrarsamningi sem tóku gildi 1. júlí 2024. Frá og með þeim tíma skiptist rekstrarþóknun í fasta þóknun og breytilega þóknun. Föst árleg þóknun er 215.000.000 kr. sem er bundin vísitölu launa í fjármála- og váttryggingastarfsemi með grunnvísitölu í júlí 2024. Breytileg þóknun er 0,12% á ársgrundvelli af hreinni eign sjóðsins á hverjum tíma. Frá 1. júlí 2024 reiknast engin árangursþóknun.

Umsýsluþóknun skiptist á milli fjárfestingagjalda og rekstrarkostnaðar sjóðsins. Fjárfestingatekjur að frádregnum fjárfestingagjöldum voru 17,5 ma.kr. árið 2024 samanborið við 10,8 ma.kr. árið áður. Rekstrarkostnaður var 418,6 m.kr. á árinu 2024 samanborið við 474,8 m.kr. árið áður. Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður sem hlutfall af meðalstöðu eigna nam 0,24% á árinu 2024 á móti 0,32% árið áður. Árangursþóknun vegna fyrstu sex mánaða ársins 2024 nam samtals kr. 21,4 m.kr.

Tryggingafræðileg staða

Tryggingafræðileg úttekt sjóðsins var unnin af Bjarna Guðmundssyni tryggingastærðfræðingi. Samkvæmt útreikningum hans eru heildareignir samtryggingadeildar 2.220,6 m.kr. lægri en heildarskuldbindingar eða sem nemur -1,7%. Áfallin staða er neikvæð um 4.242,9 m.kr. eða sem nemur -8,1%. Á móti eru eignir 2.022,3 m.kr. hærri en framtíðarskuldbindingar eða sem nemur 2,7%. Samkvæmt tryggingafræðilegri úttekt fyrir árið 2023 var heildarskuldbinding sjóðsins neikvæð um 5,1%. Samkvæmt 39. gr. laga nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, má munur á milli eignarliða og lífeyrisskuldbindinga ekki vera meiri en 10%. Sama gildir ef munur á milli eignarliða og lífeyrisskuldbindinga hefur haldist meiri en 5% samfelld í fimm ár.

Skýrsla stjórnar

Ávöxtun sjóðsins og fjárfestingaumhverfi

Nafnávöxtun deilda Íslenska lífeyrissjóðsins árið 2024 var á bilinu 7,66 til 11,35% en verðbólga á tímabilinu nam 4,77%.

Nafnávöxtun ávöxtunarleiða sjóðsins

Nafnávöxtun	2024	2023	2022
Líf I	11,35%	7,80%	-8,31%
Líf II	10,58%	7,46%	-7,57%
Líf III	9,84%	6,86%	-6,23%
Líf IV	7,66%	5,25%	-2,30%
Samtrygging	10,56%	7,22%	-7,79%

Segja má að vatnaskil hafi orðið í heimshagkerfinu á árinu 2024. Þá hófst, í flestum hagkerfum, vaxtalækkunarferli eftir þann mikla verðbólguþrátt sem myndaðist í kjölfar aukinnar eftirspurnar eftir Covid. Verðbólga nálgast markmið í flestum hagkerfum og Evrópski Seðlabankinn byrjaði að lækka vexti í júní og sá Bandaríski í september. Hér heima hefur slagurinn við verðbólguna verið erfiðari en í hagkerfunum í kringum okkur, verðbólgan hefur verið þrálátari og vextir hækkaðir meira, eða í 9,25% þegar þeir fóru hæst. Verðbólgan hjaðnaði þó þegar leið á árið sem þýddi að raunvextir hækkuðu skarpt, Seðlabankinn byrjaði því að lækka vexti undir lok árs. Fyrri vaxtalækkunin af tveimur var þann 2. október og þá voru vextir lækkaðir um 0,25%, sú seinni var 20. nóvember og var 0,5%. Á árinu 2025 hafa síðan verið tvær vaxtalækkunir og nú standa vextir í 7,75%. Vaxtalækkunirnar settu svip sinn á árið og hlutabréfamarkaðir voru heilt yfir mjög góðir og hækkaði heimsvísitala hlutabréfa um 17,5%. Gæðunum var þó mjög misstípt og eins og svo oft áður þá voru það bandarísk hlutabréf sem gáfu hvað best og S&P500 vísitalan hækkaði um 25,5% og voru hin svokölluðu MAG 7 félög í aðalhlutverki þar. Kínverski markaðurinn gaf einnig mjög vel af sér en Evrópskir markaðir voru margir hverjir lélegir. Þýski hlutabréfamarkaðurinn stóð upp úr með 11,6% ávöxtun mælt í dollar.

Íslenski hlutabréfamarkaðurinn byrjaði árið af krafti. Drifin áfram af yfirtökutilboði í Marel og góðum fréttum af Alvote. Þar sem bandaríska lyfjaeftirlitið samþykkti framleiðsluáðstöðu félagsins í Vatnsmýri fyrir framleiðslu á hliðstæðu við Humira. Í lok janúar hafði vísitalan hækkað um 10% en þá fór að síga á ógæfuhliðina. Engin loðnukvóti var gefinn út, lítil velta á markaði, þrálát verðbólga og ekki útlit fyrir vaxtalækkunir á næstunni. Í lok mars var vísitalan komin í mínus og hélst á svipuðu róli fram í september en þá var útlit fyrir fyrstu vaxtalækkun í október. Vísitalan tók mikinn kipp og endaði árið með 12% ávöxtun. Almennt skiluðu félög ágætum uppgjörum á árinu þó ákveðin félög hafi verið í vandræðum t.d. Sýn og Play. Fasteignafélög, smásölufélög og fjármálafyrirtæki hækkuðu mikið í lok árs og svo áttu Oculis og Amaroq gott ár á markaði.

Ávöxtun á innlendum skuldabréfamarkaði var ágæt og hækkuðu vísitölur á bilinu 7-10%. Erlendir skuldabréfamarkaðir voru ekki eins góðir þrátt fyrir vaxtalækkunir og það voru helst sjóðir með stuttan líftíma sem gáfu einhverja ávöxtun. Krafan á lengri endanum lækkaði framan af ári en hækkaði svo í lok árs og endaði hærri en í upphafi árs, Til dæmis fór 10 ára krafan í Bandaríkjunum úr 3,95% í 4,6% á árinu.

Í lok árs var 12 mánaða verðbólgan á Íslandi 4,8% og hafði lækkað úr 7,7% árið áður. Hagvöxtur var 0,5% á árinu og hafði loðnuleysi þar töluverð áhrif, þar sem góð loðnuvertið getur gefið á bilinu 0,5-1% aukinn hagvöxt. Eins spilaði inn í að ferðamannaíðnaðurinn stóð nokkurn veginn í stað á milli ára. Álfarmarkaðsla átti undir högg að sækja þar sem Landsvirkjun þurfti að skerða afhendingu á rafmagni til sinna stærstu viðskiptavina hlut úr ári. Álverð var þó tiltölulega hagstætt allt árið. Veiðar og vinnsla gengu almennt ágætlega og verð héldust heilt yfir góð. Loðnuleysi og vandræði við makrílveiðar settu þó nokkurt strík í reikninginn. Krónan styrktist um 4,5% gagnvart Evru á árinu og leiða má líkum að því að yfirtaka JBT á Marel hafi haft eitthvað um það að segja enda fengu eigendur Marel greitt u.þ.b. þriðjung af kaupverði í gjaldeyri. Atvinnuleysi hélst lágt og sama má segja um vanskilahlutföll hjá bönkum. Heilt yfir virðist því ágætur gangur í hagkerfinu þó einhver merki séu um að það sé að hægjast á, t.d. á húsnæðismarkaði.

Stjórnarhættir

Stjórn sjóðsins leggur áherslu á góða stjórnarhætti við daglega stjórnun og rekstur sjóðsins. Stjórn sjóðsins hefur sett sjóðnum starfs- og siðareglur sem mæla fyrir um almennar skyldur stjórnar, starfsmanna sem og annarra aðila sem vinna fyrir hönd sjóðsins. Ber öllum að hafa það að markmiði að stuðla að heiðarleika, réttisýni og sanngirni í viðskiptum og efla traust sjóðfélaga og almennings á sjóðnum.

Skýrsla stjórnar

Starfsemi Íslenska lífeyrissjóðsins byggir á lögum nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, og öðrum lögum, reglugerðum og reglum sem um starfsemi lífeyrissjóða gilda. Þá starfar sjóðurinn á grundvelli samþykktar sjóðsins og reglna sem sjóðurinn hefur sett sér, s.s. starfs- og siðareglu. Stjórnarháttayfirlýsing vegna starfsemi á árinu 2024 fylgir ársreikningnum.

Áhættustýring

Íslenski lífeyrissjóðurinn fylgir áhættustefnu og áhættustýringarstefnu. Í áhættustefnunni er skilgreindur áhættuvilji og áhættuþol lífeyrissjóðsins, skilgreining á þeim áhættuþáttum sem snerta sjóðinn og hvernig skuli greina, meta, vakta og stýra þeirri áhættu sem sjóðurinn tekur. Í áhættustýringarstefnunni er þeim aðferðum lýst sem sjóðurinn styðst við til að greina, meta og vakta þá áhættuþætti sem áhættustefnan nær til. Áhættuþáttum er snúa að rekstri sjóðsins er skipt í sex yfirflokka: fjárhagsáhættu, lífeyrstryggingaráhættu, mótaðilaáhættu, lausafjárahættu, rekstraráhættu og áhættu tengdri sjálfbærni. Hver yfirflokkur skiptist síðan niður á undirflokka. Eftirlit með áhættuþáttum er á hendi áhættustjóra lífeyrissjóðsins. Fjallað er um áhættustýringu í skýringu nr. 1 í ársreikningnum.

Ófjárhagslegar upplýsingar

Umhverfisþættir

Íslenski lífeyrissjóðurinn hefur sett sér stefnu um sjálfbærni og ábyrgar fjárfestingar. Stefnuna má nálgast á heimasíðu sjóðsins. Stefnan tekur mið af reglum og öðrum stefnum sjóðsins, s.s. fjárfestingarstefnu, áhættustefnu, áhættustýringarstefnu, starfs- og siðareglum og stjórnarháttayfirlýsingu. Tilgangur stefnu Íslenska lífeyrissjóðsins um sjálfbærni og ábyrgar fjárfestingar er að búa til skilvirka og trúverðuga nálgun á álitaeftum er snúa að sjálfbærni og ábyrgum fjárfestingum en jafnframt leitast við að ná ásættanlegri arðsemi af fjárfestingum sjóðsins. Umhverfis- og samfélagsmál og stjórnarhættir eru allt mikilvægir liðir í mati lífeyrissjóðsins á fjárfestingum. Það er mat lífeyrissjóðsins að fyrirtæki sem taka tillit til þessara þátta í starfsemi sinni njóti ávinnings til lengri tíma lítið.

Félagslegir þættir

Íslenski lífeyrissjóðurinn er aðili að Landssamtökum lífeyrissjóða en samtökin gæta hagsmuna lífeyrissjóða sjóðfélaga þeirra. Á vegum samtakanna er unnið málefnaustarf með þátttöku starfsmanna lífeyrissjóðanna. Landsamtökin eru sameiginlegur málssvari lífeyrissjóða gagnvart stjórnvöldum. Íslenski lífeyrissjóðurinn er stofnaðili að IcelandSIF, samtökum um ábyrgar fjárfestingar en markmið samtakanna er að stuðla að fræðslu og umræðu um ábyrgar fjárfestingar. Íslenski lífeyrissjóðurinn er félagi í Festu – miðstöð um samfélagsábyrgð og sjálfbærni.

Starfsmannamál

Landsbankinn hf. er rekstraraðili Íslenska lífeyrissjóðsins. Í byrjun árs 2024 var enginn starfsmaður hjá sjóðnum en allri starfsemi sjóðsins er útvistað til Landsbankans hf. Í kjölfar breytingar á rekstrarsamningi sem tók gildi 1. febrúar 2024 er framkvæmdastjóri starfsmaður sjóðsins. Íslenski lífeyrissjóðurinn hefur ekki sett sér starfskjarastefnu.

Mannréttindamál

Íslenski lífeyrissjóðurinn hefur ekki sett sér sérstaka stefnu í mannréttindamálum. Stefna Íslenska lífeyrissjóðsins varðandi sjálfbærni og ábyrgar fjárfestingar er sett með hliðsjón af reglum um ábyrgar fjárfestingar, Principles for Responsible Investment, (UN PRI) sem eru alþjóðleg samtök fjárfesta sem vinna saman að því að innleiða tiltekin grundvallarviðmið um ábyrgar fjárfestingar og njóta til þess stuðnings Sameinuðu þjóðanna.

Spillingar- og mútumál

Engin spillingar- eða mútumál hafa komið upp hjá Íslenska lífeyrissjóðnum, sjóðurinn hefur sett sér starfs- og siðareglur sem aðgengilegar eru á heimasíðu sjóðsins. Reglurnar mæla fyrir um almennar skyldur stjórnar, starfsmanna sem og annarra aðila sem vinna fyrir hönd sjóðsins og hafa það að markmiði að stuðla að heiðarleika, réttisýni og sanngirni í viðskiptum og efla traust sjóðfélaga og almennings á sjóðnum.

Skýrsla stjórnar

Viðskiptalíkan

Starfsemi Íslenska lífeyrissjóðsins lýtur að móttöku, varðveislu og ávöxtun iðgjalda og greiðslu lífeyris. Sjóðurinn skal ekki hafa með höndum aðra starfsemi en þá sem nauðsynleg er til þess að ná þessum tilgangi. Íslenski lífeyrissjóðurinn er séreignasjóður og býður sem slíkur upp á samþættingu lífeyrisréttinda í samtryggingu og séreign

Hagsmunaárekstrar

Stjórn Íslenska lífeyrissjóðsins hefur sett sjóðnum reglur um ráðstafanir gegn hagsmunaárekstrum í rekstri sjóðsins. Reglurnar voru síðast uppfærðar í nóvember 2024. Markmið reglnanna er að tryggja samræmda greiningu og meðhöndlun á hagsmunaárekstrum og viðhafa árangursríkar ráðstafanir til að koma í veg fyrir og stjórna hvers konar hagsmunaárekstrum sem upp kunna að koma í rekstri Íslenska lífeyrissjóðsins. Með því að forðast hagsmunaárekstra stuðlar lífeyrissjóðurinn að því að vernda hagsmuni sjóðsins og sjóðfélaga hans. Með hagsmunaárekstrum er átt við þær aðstæður sem upp geta komið þegar hagsmunir aðila sem tengjast starfsemi lífeyrissjóðsins fara ekki saman. Íslenski lífeyrissjóðurinn framkvæmir mat á mögulegum hagsmunaárekstrum í tengslum við gerð árlegs áhættumats. Við matið skal m.a. litið til þess hvort aðilar tengdir lífeyrissjóðnum (þ. á m. rekstraraðili og dótturfélög hans) njóti óeðlilegs fjárhagslegs ágóða eða forðist fjárhagslegt tap á kostnað lífeyrissjóðsins, hvort aðilar sem starfa fyrir lífeyrissjóðinn hafi hagsmuni af niðurstöðu af þjónustu við lífeyrissjóðinn og hvort þeir hagsmunir séu aðrir en hagsmunir lífeyrissjóðsins og hvort fyrir hendi sé fjárhagslegur hvati, eða annars konar hvati hjá starfsmönnum rekstraraðila eða tengdum aðilum, til þess að setja hagsmuni annars viðskiptavinar eða hóps viðskiptavina frammar hagsmunum lífeyrissjóðsins. Í reglum sjóðsins um ráðstafanir gegn hagsmunaárekstrum er yfirlit yfir þá þætti starfseminnar þar sem hagsmunaárekstrar kunna að koma upp. Samhliða eru skráðar ráðstafanir gegn mögulegum hagsmunaárekstrum. Íslenski lífeyrissjóðurinn beitir viðeigandi ráðstöfunum til að takmarka hættuna á að viðkomandi hagsmunaárekstur eigi sér stað og koma í veg fyrir mögulegar skaðlegar afleiðingar. Með viðeigandi ráðstöfunum er átt við skipulagslegar og stjórnunræugar aðgerðir sem taka tillit til allra þátta er tengjast starfsemi lífeyrissjóðsins. Rekstraraðili Íslenska lífeyrissjóðsins, Landsbankinn hf., hefur sett sér stefnu um hagsmunaárekstra. Samkvæmt stefnunni beitir Landsbankinn viðeigandi ráðstöfunum til að takmarka hættuna á að hagsmunaárekstrar eigi sér stað. Í eigin áhættumati Íslenska lífeyrissjóðsins frá júní 2024 er fjallað ítarlega um hagsmunaárekstra í átta liðum. Fær hver og einn liður einkunnina 4 fyrir eðlislæga áhættu. Að teknu tilliti til ráðstafana, úrbóta og mildunar áhættuþátta fær hver og einn liður einkunnina 2.

Það er mat stjórnar Íslenska lífeyrissjóðsins að reglur sjóðsins um ráðstafanir gegn hagsmunaárekstrum tryggi eins og kostur er að ekki komi upp hagsmunaárekstrar í rekstri sjóðsins.

Önnur mikilvæg atriði

Ársreikningur þessi er gerður í samræmi við lög um ársreikninga nr. 3/2006 og reglur um ársreikninga lífeyrissjóða nr. 335/2015. Íslenski lífeyrissjóðurinn metur öll verðbréf á markaðsverði. Í árslok 2024 nam eign Íslenska lífeyrissjóðsins í skuldabréfum ÍL-sjóðs um 11,0 ma.kr. Þann 10. apríl 2025 samþykktu skuldabréfaeigendur ÍL-sjóðs tillögu um breytingar á skilmálum bréfanna. Breytingin heimilar útgefanda að gera upp bréfin með afhendingu tiltekinna eigna í stað peningagreiðslu. Tillagan var niðurstaða rúmlega árs viðræðna milli ráðgjafa 18 lífeyrissjóða, sem saman fara með meirihluta skulda sjóðsins, og viðræðunefndar fjármála- og efnahagsráðherra. Alþingi hefur tillöguna nú til umsagnar og ákvörðunar og verði fyrirbyggjandi frumvarp um lok málsins samþykkt er gert ráð fyrir að uppgjör fari fram fyrir 14. júní nk.

Áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

Stjórn og framkvæmdastjóri Íslenska lífeyrissjóðsins staðfesta hér með ársreikning sjóðsins fyrir árið 2024 með undirritun sinni.

Reykjavík, 23. apríl 2025

Stjórn

Atli Atlason

Pórir Óskarsson

Una Eypórsdóttir

Snorri Ómarsson

Kristín Hrefna Halldórsdóttir

Framkvæmdastjóri

Ólafur Páll Gunnarsson

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og sjóðsfélaga Íslenska lífeyrissjóðsins

Áritun um endurskoðun ársreikningsins

Álit

Við höfum endurskoðað ársreikning Íslenska lífeyrissjóðsins („sjóðurinn“) fyrir árið 2024. Ársreikningurinn hefur að geyma yfirlit yfir breytingar á hreinni eign til greiðslu lífeyris, efnahagsreikning, sjóðstreymi, yfirlit um tryggingafræðilega stöðu, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu sjóðsins 31. desember 2024 og afkomu hans og breytingu á handbæru fé á árinu 2024, í samræmi við reglur Fjármálaeftirlitsins nr. 335/2015 um ársreikninga lífeyrissjóða og lög nr. 3/2006 um ársreikninga.

Álitið er í samræmi við skýrslu okkar til endurskoðunarnefndar og stjórnar.

Grundvöllur fyrir álit

Við endurskoðuðum í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er lýst frekar í kaflanum Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins í árituninni. Við erum óháð sjóðnum í samræmi við gildandi siðareglur fyrir endurskoðendur. Við teljum að við höfum aflað nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna til að byggja álit okkar á.

Samkvæmt bestu vitund okkar og skilningi lýsum við yfir að við höfum ekki veitt neina óheimila þjónustu samkvæmt 1. mgr. 5. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 537/2014 og að við erum óháð sjóðnum við endurskoðunina.

Við vorum kjörin endurskoðendur á ársfundi sjóðsins þann 21. maí 2024

Samanburðarfjárhæðir

Ársreikningur Íslenska lífeyrissjóðsins 31. desember 2023 var endurskoðaður af öðrum endurskoðanda. Áritunin er dagsett 24. apríl 2024 og er án fyrirvara.

Lykilþættir endurskoðunar

Lykilþættir endurskoðunar eru þeir þættir, sem samkvæmt faglegu mati okkar, höfðu mest vægi við endurskoðun ársreikningsins. Við gefum ekki sérstakt álit á einstökum lykilþáttum en tókum á þeim við endurskoðun á ársreikningnum í heild og við ákvörðun um álit okkar á honum.

Lykilþáttur	Endurskoðunin
Mat fjárfestinga Bókfært verð fjárfestinga nam 185 ma. kr. eða 96,6% af heildareignum þann 31. desember 2024 (2023: 157 ma. kr.). Vísað er til skýringa 2, 9 og 10 um fjárfestingar. Meðal fjárfestinga eru hlutabréf, hlutdeildarskírteini og skuldabréf. Sjóðurinn setur sér fjárfestingarstefnu þar sem meðal annars er fjallað um samsetningu verðbréfa og vikmörk einstakra eignaflokka. Fjárfestingarnar eru færðar á gangvirði þar sem breytur byggja á markaðsupplýsingum og ytri gögnum. Vegna umfangs og mikilvægis fjárfestinga og að hluti þeirra er færður á ytra matsvirði þá er mat þeirra lykilþáttur í endurskoðuninni.	Endurskoðunaraðgerðir okkar miðuðu að því að staðfesta matsvirði fjárfestinga. Í þeirri vinnu fólst meðal annars: - Aflað var upplýsinga um fjárfestingarferilinn og aðferðafræði og forsendur við mat eigna. - Gengi var staðfest með staðfestingum frá vörsluaðilum eða með upplýsingum úr gagnaveitum. - Metnar voru aðferðir og útreikningur sjóðsins á óskráðum fjárfestingum. - Framkvæmdir voru sjálfstæðir útreikningar af verðmatssérfræðingi okkar á verðmæti úrtaks skuldabréfa. - Skýringar í ársreikningi vegna fjárfestinga voru yfirfarnar, þar á meðal stigskipting gangvirðis.
Mat á lífeyrisskuldbindingu Lífeyrisskuldbinding samtryggingadeildar nam 127 ma. kr. í árslok 2024 (2023: 108 ma. kr.). Skuldbindingar umfram endurmetnar eignir tryggingadeildar sjóðsins námu 2 ma. kr. í árslok 2024 eða -1,7% af skuldbindingu (2023: 6 ma. kr. eða -5,1%). Vísað er í yfirlit um tryggingafræðilega stöðu og skýringu 14. Tryggingafræðileg staða segir til um getu sjóðsins til að standa við lífeyrisskuldbindingar sínar. Útreikningurinn er framkvæmdur af óháðum tryggingastærðfræðingi og byggir á forsendum sem gefnar hafa verið út af Félagi Íslenskra tryggingastærðfræðinga og samþykktar af Fjármálaráðuneyti. Vegna mikilvægis tryggingafræðilegrar stöðu sjóðsins er lífeyrisskuldbinding lykilatriði í endurskoðuninni.	Endurskoðunaraðgerðir okkar miðuðu að því að leggja mat á þá aðferðafræði sem tryggingastærðfræðingur notar við mat á lífeyrisskuldbindingu. Í þeirri vinnu fólst meðal annars: - Við lögðum mat á óhæði og hæfni tryggingastærðfræðings. - Aflað var upplýsinga um verklag við útreikninga tryggingastærðfræðings. - Framkvæmdar voru greiningaraðgerðir á þróun lífeyrisskuldbindingar, forsendum og niðurstöðum. - Við yfirfór yfirlit um tryggingafræðilega stöðu og skýringu 14 í ársreikningi og staðfestum að framsetning væri í samræmi við reglur.

Áritun óháðs endurskoðanda frh.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög nr. 3/2006 um ársreikninga og reglur Fjármálaeftirlitsins nr. 335/2015 um ársreikninga lífeyrissjóða og fyrir því innra eftirliti sem þau telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka

Við gerð ársreikningsins ber stjórn og framkvæmdastjóra að leggja mat á rekstrarhæfi sjóðsins og upplýsa, eftir því sem við á, um þætti er varða rekstrarhæfi og miða grundvöll reikningsskilanna við áframhaldandi rekstrarhæfi, nema þau ætli annað hvort að leysa sjóðinn upp eða hætta starfsemi hans, eða hafa engan annan raunhæfan kost en að gera það.

Stjórn og framkvæmdastjóri skulu hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar eru að öðlast hæfilega vissu um hvort ársreikningurinn í heild sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, og að gefa út áritun endurskoðanda sem inniheldur álit okkar. Í hæfilegri vissu felst áreiðanleiki en ekki trygging fyrir því að endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni alltaf leiða í ljós verulega annmarka ef þeir eru fyrir hendi. Annmarkar geta komið fram vegna sviksemi eða mistaka og eru taldir verulegir ef þeir einir og sér eða samanlagt gætu haft áhrif á efnahagslegar ákvarðanir sem notendur ársreikningsins taka á grundvelli hans.

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla beitum við ávallt faglegri dómgreind og viðhöfum faglega gagnrýni. Að auki:

- Greinum við og metum hættu á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, að einhverju sé viljandi sleppt, villandi framsetningu eða að farið sé framhjá innra eftirliti.
- Öflum við skilnings á innra eftirliti, sem varðar endurskoðunina, til að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til að veita álit á virkni innra eftirlits sjóðsins.
- Metum við hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda og tengdar skýringar séu viðeigandi.
- Ályktum við um hvort notkun stjórnar og framkvæmdastjóra á forsendu reikningsskilanna um rekstrarhæfi sé viðeigandi og metum, á grundvelli endurskoðunarinnar, hvort aðstæður séu til staðar sem valdið gætu verulegum vafa um rekstrarhæfi sjóðsins. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur, í áritun okkar, að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins eða, ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi, að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Samt sem áður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni gert sjóðinn órekstrarhæfan
- Metum við framsetningu, uppbyggingu og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum, og hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.

Við upplýsum stjórn og endurskoðunarnefnd meðal annars um áætlað umfang og tímasetningar endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp kunna að koma í endurskoðun okkar, þar á meðal alla verulega annmarka á innra eftirliti sem við greinum við endurskoðun okkar.

Við lýsum því einnig yfir við stjórn og endurskoðunarnefnd að við höfum uppfyllt skyldur síðareglna um óhæði og upplýsum um tengsl eða önnur atriði sem gætu mögulega talist hafa áhrif á óhæði okkar og þegar við á, til hvaða aðgerða við höfum gripið til að eyða áhættu eða varúðarráðstafanir til að bregðast við henni.

Af þeim atriðum sem við höfum upplýst stjórn og endurskoðunarnefnd um, leggjum við mat á hvaða þættir höfðu mesta þýðingu við endurskoðun ársreikningsins og eru því lykilþættir endurskoðunarinnar. Við lýsum þessum þáttum í áritun okkar nema lög og reglur útiloki að upplýst sé um þá eða, við einstakar mjög sjaldgæfar kringumstæður, þegar við metum að ekki skuli upplýsa um lykilþátt þar sem neikvæðar afleiðingar þess eru taldar vega þyngra en almennir hagsmunir af birtingu slíkra upplýsinga.

Staðfesting vegna skýrslu stjórnar

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir þessum ársreikningi eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram annars staðar í ársreikningnum.

Hrafnhildur Helgadóttir, endurskoðandi, ber ábyrgð á endurskoðun ársreikningsins og þessari áritun.

Reykjavík, 23. apríl 2025

KPMG ehf.
Hrafnhildur Helgadóttir

Yfirlit um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris árið 2024

	Skýr.	2024	2023
Iðgjöld			
Iðgjöld sjóðfélaga		8.452.346.125	7.470.963.415
Iðgjöld launagreiðenda		10.929.416.354	9.570.517.041
Réttindaflutningur og endurgreiðslur		657.854.020	-905.360.182
		<u>20.039.616.498</u>	<u>16.136.120.275</u>
Sérstök aukaframlög	3	64.860.519	61.018.664
		<u>20.104.477.018</u>	<u>16.197.138.939</u>
Lífeyrir			
Heildarfjárhæð lífeyris		2.913.129.523	2.197.212.252
Sérstök inngreiðsla inn á lán sjóðfélaga		3.279.350.667	3.000.882.972
Framlag í VIRK starfsendurhæfingarsjóð		61.888.599	48.020.490
	4	<u>6.254.368.789</u>	<u>5.246.115.714</u>
Fjárfestingartekjur			
Hreinar tekjur af eignarhlutum í félögum og sjóðum	5	10.211.741.164	5.780.171.622
Hreinar tekjur af skuldabréfum	6	7.299.698.753	5.106.047.502
Vaxtatekjur af bundnum bankainnistæðum		0	8.908.382
Vaxtatekjur og gengismunur af handbæru fé		219.313.226	125.130.335
Vaxtatekjur af iðgjöldum og öðrum kröfum		14.218.730	9.418.244
Fjárfestingargjöld	7	-215.644.719	-228.087.843
		<u>17.529.327.154</u>	<u>10.801.588.242</u>
Rekstrarkostnaður			
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	8	418.573.422	474.848.390
		<u>418.573.422</u>	<u>474.848.390</u>
Breyting á hreinni eign til greiðslu lífeyris			
		30.960.861.960	21.277.763.076
Hrein eign frá fyrra ári		<u>159.956.243.404</u>	<u>138.678.480.328</u>
Hrein eign til greiðslu lífeyris í árslok		<u>190.917.105.365</u>	<u>159.956.243.404</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2024

Eignir		2024	2023
Fjárfestingar			
Eignarhlutir í félögum og sjóðum	9	83.940.053.207	66.870.687.193
Skuldabréf	10	100.762.580.892	90.618.019.180
		<u>184.702.634.099</u>	<u>157.488.706.373</u>
Kröfur			
Kröfur á launagreiðendur	2, 15	409.617.000	397.000.000
Aðrar kröfur	16	1.289.553.046	72.837.549
		<u>1.699.170.046</u>	<u>469.837.549</u>
Handbært fé		4.761.692.868	2.315.800.819
Eignir		<u>191.163.497.013</u>	<u>160.274.344.742</u>
SKULDIR			
Viðskiptaskuldir			
Aðrar skuldir	17	246.391.648	318.101.337
Skuldir		<u>246.391.648</u>	<u>318.101.337</u>
Hrein eign til greiðslu lífeyris alls		<u>190.917.105.365</u>	<u>159.956.243.404</u>
Hrein eign til greiðslu lífeyris alls			
Líf I		52.177.880.275	41.655.996.484
Líf II		38.135.787.649	33.391.986.272
Líf III		33.651.601.679	28.433.897.982
Líf IV		19.614.664.598	17.683.096.128
Samtrygging		47.337.171.164	38.791.266.538
		<u>190.917.105.365</u>	<u>159.956.243.404</u>

Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2024

	2024	2023
Inngreiðslur		
Iðgjöld	20.030.841.354	16.012.632.832
Innborgaðar vaxtatekjur af handbæru fé og kröfum	224.971.029	131.951.393
Aðrar inngreiðslur	0	24.362.336
	<u>20.255.812.383</u>	<u>16.168.946.561</u>
Útgreiðslur		
Lífeyrir	2.976.158.990	2.228.823.732
Sérstök inngreiðsla inn á lán	3.279.350.667	3.000.882.972
Rekstrarkostnaður	550.954.892	346.749.815
Aðrar útgreiðslur	1.332.818.875	221.992.554
	<u>8.139.283.424</u>	<u>5.798.449.073</u>
Nýtt ráðstöfunarfé til fjárfestinga	<u>12.116.528.959</u>	<u>10.370.497.488</u>
Fjárfestingahreyfingar		
Innborgaðar tekjur af eignarhlutum í félögum og sjóðum	597.446.682	434.092.405
Keyptir eignarhlutir í félögum og sjóðum	-18.874.946.173	-7.466.410.874
Seldir eignarhlutir í félögum og sjóðum	12.102.849.362	2.738.770.831
Afborganir höfuðstóls og vaxta skuldabréfa	10.777.941.982	5.960.973.632
Keypt skuldabréf	-23.010.750.680	-18.735.240.393
Seld skuldabréf	8.733.357.611	6.049.536.137
Bundin innlán	0	1.000.000.000
	<u>-9.674.101.216</u>	<u>-10.018.278.262</u>
Breyting á handbæru fé	<u>2.442.427.743</u>	<u>352.219.226</u>
Gengismunur af handbæru fé	<u>3.464.306</u>	<u>-2.097.221</u>
Handbært fé í upphafi árs	<u>2.315.800.819</u>	<u>1.965.678.814</u>
Handbært fé í lok árs	<u>4.761.692.868</u>	<u>2.315.800.819</u>

Yfirlit um tryggingafræðilega stöðu 31. desember 2024

Tryggingafræðileg staða 2024

Eignir	Skýr.	Áfallin skuldbinding	Framtíðar- skuldbinding	Heildar- skuldbinding
Hrein eign til greiðslu lífeyris		47.337.171.164		47.337.171.164
Mismunur á bókfærðu verði og núvirði skuldabréfa		494.110.303		494.110.303
Núvirði framtíðariðgjalda			76.900.659.562	76.900.659.562
Eignir samtals		47.831.281.467	76.900.659.562	124.731.941.029

Skuldbindingar

Ellilífeyrir		44.668.128.851	62.497.509.098	107.165.637.949
Örorkulífeyrir		5.397.825.843	8.560.757.683	13.958.583.526
Makalífeyrir		1.304.712.121	1.443.299.985	2.748.012.106
Barnalífeyrir		27.745.611	407.292.647	435.038.258
Rekstrarkostnaður		675.726.470	1.969.521.093	2.645.247.563
Skuldbindingar samtals		52.074.138.896	74.878.380.506	126.952.519.402
Eignir umfram skuldbindingar		-4.242.857.429	2.022.279.056	-2.220.578.373
Í hlutfalli af skuldbindingum í árslok		-8,1%	2,7%	-1,7%
Í hlutfalli af skuldbindingum í ársbyrjun		-12,5%	0,1%	-5,1%

Tryggingafræðileg staða 2023

Eignir	Skýr.	Áfallin skuldbinding	Framtíðar- skuldbinding	Heildar- skuldbinding
Hrein eign til greiðslu lífeyris		38.791.266.538		38.791.266.538
Mismunur á bókfærðu verði og núvirði skuldabréfa		340.555.025		340.555.025
Núvirði framtíðariðgjalda			63.582.720.863	63.582.720.863
Eignir samtals		39.131.821.563	63.582.720.863	102.714.542.426

Skuldbindingar

Ellilífeyrir		37.520.017.296	51.532.318.483	89.052.335.779
Örorkulífeyrir		5.422.771.031	8.480.643.183	13.903.414.214
Makalífeyrir		1.149.876.294	1.277.069.995	2.426.946.289
Barnalífeyrir		24.817.424	463.639.621	488.457.045
Rekstrarkostnaður		611.787.155	1.738.068.248	2.349.855.403
Skuldbindingar samtals		44.729.269.200	63.491.739.530	108.221.008.730
Eignir umfram skuldbindingar		-5.597.447.637	90.981.333	-5.506.466.304
Í hlutfalli af skuldbindingum í árslok		-12,5%	0,1%	-5,1%
Í hlutfalli af skuldbindingum í ársbyrjun		-13,3%	0,7%	-4,9%

1. Starfsemi

Íslenski lífeyrissjóðurinn starfar samkvæmt lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða nr. 129/1997 og hefur til þess fullgilt starfsleyfi. Lífeyrissjóðurinn er aldurstengdur sjóður sem rekur bæði séreignadeild og samtryggingardeild.

Samtrygging

Lífeyrissjóðurinn veitir viðtöku iðgjaldi til greiðslu lífeyris vegna elli til æviloka, örorku eða andláts samkvæmt nánari ákvæðum laga 129/1997. Frjáls aðild er að lífeyrissjóðnum og hafa allir þeir sem ekki er skylt að greiða lágmarksiðgjald til annars lífeyrissjóðs heimild til að greiða í þennan sjóð. Stefnt er að því að fjárfesta 51,0% í innlendum skuldabréfum, 8,0% í skráðum innlendum hlutabréfum, 5,0% í innlendum sérhæfðum fjárfestingum, 4,5% í erlendum skuldabréfum, 28,5% í skráðum erlendum hlutabréfum og 3,0% í erlendum sérhæfðum fjárfestingum.

Séreign

Lífeyrissjóðurinn tekur við viðbótariðgjöldum sjóðfélaga. Sjóðfélögum í lífeyrissjóðnum ásamt öðrum sem þess óska er frjálst að greiða viðbótariðgjöld í séreignadeild. Séreignadeildin býður upp á fjórar ávöxtunarleiðir með mismunandi ávöxtun og áhættu.

Líf I

Líf I hentar þeim sem eiga 20 ár eða meira eftir af söfnunartíma sínum og eru tilbúnir að taka meiri áhættu og ná þannig hærri ávöxtun til lengri tíma. Stefnt er að góðri langtímaávöxtun en sveiflur í ávöxtun geta orðið nokkrar yfir skemmri tímabil. Fjárfestingarstefnan mótast af því að leyfilegt er að nýta fjölbreytt tækifæri sem bjóðast á verðbréfamörkuðum. Stefnt er að því að fjárfesta 41,0% í innlendum skuldabréfum, 10,0% í skráðum innlendum hlutabréfum, 6,5% í innlendum sérhæfðum fjárfestingum, 3,0% í erlendum skuldabréfum, 35,5% í skráðum erlendum hlutabréfum og 4,0% í erlendum sérhæfðum fjárfestingum.

Líf II

Líf II hentar þeim sem eiga meira en 5 ár eftir af söfnunartíma sínum og þeim sem kjósa að taka hóflega áhættu með lífeyrissparnaðinn sinn. Stefnt er að því að fjárfesta 51,0% í innlendum skuldabréfum, 8,0% í skráðum innlendum hlutabréfum, 5,0% í innlendum sérhæfðum fjárfestingum, 4,5% í erlendum skuldabréfum, 28,5% í skráðum erlendum hlutabréfum og 3,0% í erlendum sérhæfðum fjárfestingum.

Líf III

Líf III hentar þeim sem eiga skamman tíma eftir af söfnunartíma sínum og þeim sem vilja stöðuga ávöxtun sem sveiflast lítið. Stefnt er að því að fjárfesta 60,5% í innlendum skuldabréfum, 6,0% í skráðum innlendum hlutabréfum, 4,0% í innlendum sérhæfðum fjárfestingum, 6,0% í erlendum skuldabréfum, 21,5% í skráðum erlendum hlutabréfum og 2,0% í erlendum sérhæfðum fjárfestingum.

Líf IV

Líf IV hentar þeim sem eru að nálgast töku lífeyris eða eru nú þegar farnir að taka út lífeyri. Stefnt er að því að fjárfesta eingöngu í innlendum skuldabréfum og skipting þeirra á þann veg að 60% sé í skuldabréfum með ábyrgð ríkis, 10% í skuldabréfum sveitarfélaga, 20% í sértrygðum skuldabréfum fjármálafyrirtækja og 10% í skuldabréfum fyrirtækja.

Tilgreind séreign

Lífeyrissjóðurinn tekur á móti tilgreindri séreign. Tilgreind séreign myndast af iðgjaldi sjóðfélaga sem greiðir skylduiðgjald til annars lífeyrissjóðs en íslenska lífeyrissjóðsins. Tilgreind séreign er að fullu séreign sjóðfélagens. Við andlát sjóðfélaga fellur tilgreinda séreignin til erfingja hans og skiptist milli þeirra eftir reglum erfðalaga. Tilgreind séreign er laus til útborgunar frá 67 ára aldri. Þó er heimilt að hefja útborgun með jöfnum greiðslum frá 62 til 67 ára aldurs. Hafi lífeyrissjóður sem samtryggingarhluti iðgjalds er greiddur til aðrar reglur fer um útborgun tilgreindrar séreignar samkvæmt þeim.

Lífeyrisréttindi

Með iðgjaldagreiðslum til öflunar lífeyrisréttinda í samtryggingu ávinur sjóðfélagi sér og maka sínum og börnum eftir því sem við á rétt til ellilífeyris, örorkulífeyris og maka- og barnalífeyris. Réttur til töku ellilífeyris hefst þegar sjóðfélagi er orðinn 70 ára. Sjóðfélagi á rétt á örorkulífeyri ef hann verður fyrir orkutapi sem metið er 50% eða meira og leitt hefur til tekjuskerðingar. Andist sjóðfélagi, eiga eftirlifandi maki og börn rétt á lífeyri úr sjóðnum. Í samþykktum sjóðsins er kveðið nánar á um ávinnslu réttinda en hún er aldurstengd. Lífeyrissjóðurinn ábyrgist lífeyrisskuldbindingar sínar í samtryggingu með eignum sínum. Árlega er gerð tryggingafræðileg úttekt á stöðu sjóðsins og getur hún haft áhrif á lífeyrisréttindi því sjóðnum er skylt að auka eða skerða lífeyrisréttindi sjóðfélaga fari munur milli eigna og lífeyrisskuldbindinga sjóðsins fram yfir tiltekin mörk.

Lífeyrisréttindi í séreignadeild miðast við innborguð iðgjöld rétthafa ásamt þeirri hreinu ávöxtun sem fengist hefur á iðgjöldin. Heimilt er að hefja töku séreignarsparnaðar þegar rétthafi er orðinn 60 ára, en þó ekki fyrr en tveimur árum eftir fyrstu greiðslu iðgjalds til öflunar lífeyrisréttinda í séreign.

Greiðsluleiðir

Lífeyrissjóðurinn hefur, frá því að hann fékk starfsleyfi, boðið fjóra kosti (leið I-IV) við öflun lágmarkstryggingaverndar og hafa sjóðfélagar getað valið milli þessara kosta við inngöngu í sjóðinn.

Munur leiðanna liggur í því hvernig lögbundið iðgjald sjóðfélaga skiptist á milli samtryggingar, bundinnar séreignar og frjálsrar séreignar. Allt iðgjald umfram lögbundið lágmarksiðgjald fer í séreign. Frjáls séreign er laus til útborgunar frá 60 ára aldri. Bundin séreign er laus til útborgunar frá 70 ára aldri og greiðist með jöfnum greiðslum til þess tíma er greiðslur úr samtryggingu hefjast. Val útgreiðsluleiðar ræður því hvenær greiðslur úr samtryggingu hefjast. Frjáls séreign og bundin séreign eru að fullu eign sjóðfélagens og erfist samkvæmt erfðalögum. Greiðsla lífeyris úr samtryggingu hefst við 70 ára aldur, eða síðar, eftir því hvaða útgreiðsluleið er valin, og greiðist til æviloka. Samtryggingin tryggir sjóðfélögum ævilífeyri, örorkulífeyri, makalífeyri og barnalífeyri samkvæmt samþykktum sjóðsins. Sjóðfélagi sem valið hefur greiðsluleið I getur flýtt töku ellilífeyris úr samtryggingardeild til allt að 65 ára aldurs eða frestað töku ellilífeyris til allt að 80 ára aldurs og lækkar þá eða hækkar fjárhæð ellilífeyris sbr. réttindatöflur sjóðsins. Sjóðfélagi sem valið hefur greiðsluleið II getur frestað töku ellilífeyris til allt að 80 ára aldurs og hækkar þá fjárhæð ellilífeyris sbr. réttindatöflur sjóðsins.

1. Starfsemi (framhald)

Starfræksla sjóðsins

Landsbankinn annast starfrækslu lífeyrissjóðsins samkvæmt rekstrarsamningi milli sjóðsins og bankans. Skrifstofa sjóðsins er að Reykjastræti 6, 101 Reykjavík.

Áhættustýring

